



Hestamannafélagið Glaður

Stjórnarfundur 12. desember 2006

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Fundur í stjórn Glaðs haldinn í Hvítadal 12. desember 2006.

Mættir: Viðar, Eyþór, Erling og Þórður.

1. Unnið er að gerð reið- og gönguleiðakorta yfir Vestfirði og verða Dalir þar með. Það eru ferðamálafélög sem vinna að þessu en Eyþór og Sigurður Jökulsson taka þátt í vinnunni fyrir Glað.
2. Reiðvegamá. Enn er stefnt að því að laga leiðina yfir Saurstaðaháls og stefnt er að lagningu reiðvegar áfram frá Ljárskógum að Glerárskógaklifi.
3. Árshátíð þótti takast vel og kemur líklega út réttu megin við núllið.
4. Mótaskrá. Íþróttanefnd hefur lagt til eftirfarandi mótadaga:
10. mars – vetrarleikar í Búðardal
14. apríl – vetrarleikar í Búðardal
5. maí – íþróttamót í Búðardal
Þetta samþykkt og einnig að Hestaþing Glaðs fari fram í Búðardal 23. – 24. júní.
5. Glitnir hefur ákveðið að styðja vel við hestamenskuna á næstu árum og m.a. býðst félögunum að halda sérstakan æskulýðsdag Glitnis sem verði samtímis á öllu landinu. Þessu verður vísað til fræðslunefndar okkar.
6. Ákveðið að beina því til fræðslunefndar að fenginn verði leiðbeinandi til að aðstoða unglunga í hestamenskunni í vetur.
7. Rætt um að stjórnin hugsanlega sendi frá sér ályktun til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál í Búðardal.

Fleira rætt en ekki bókað,

Þórður Ingólfsson (sign)
Viðar Þór Ólafsson (sign)
Eyþór J. Gíslason (sign)
Erling Kristinss. (sign)